



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

184. fundur skólanefndar FS

5. maí 1994

Mættir: Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Guðjón Kristjánsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Gísli Torfason, Gestur Páll Reynisson, Hjálmar Arnason, skólameistari, og áheyrnarfulltrúinn Ingimundur Guðnason úr Gerðahreppi.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1995.
2. Ráðning kennara.
3. Heiðursmerki FS.
4. Önnur mál.

Guðbjörg Ingimundardóttir, varaformaður, stýrði fundi í veikindaforföllum formanns.

1. Fjárlög 1995.

Hjálmar kynnti fjárlagatillögur skólans fyrir árið 1995. Fundarmenn spurðu um nokkur atriði í tillögunum en að því loknu voru þær samþykktar einróma.

2. Ráðning kennara.

Konráð Asgrímsson og Oddný Harðardóttir koma aftur til starfa í haust eftir eins árs leyfi. Guðrún Erla Sigurðardóttir hefur óskað eftir launalausis leyfi í eitt ár og var það samþykkt. Tólf kennarar sem allir hafa kennsluréttindi hafa óskað eftir endurráðningu. Nefndin samþykkti endurráðningu eftirtalinna kennara:

Anna Lea Björnsdóttir
Borgþór Arngrímsson
Ingibjörg Sigtryggisdóttir
Jón Már Björnsson
Jón Pálmi Skarphéðinsson
Kristján Jóhannesson
Ólafur Sigurðsson

Afgreiðslu fimm umsókna var frestað. Umsóknir ellefu kennara sem hafa óskað eftir endurráðningu en hafa ekki kennsluréttindi verða teknar fyrir þegar umsóknarfrestur um stöður þeirra rennur út en þær voru auglýstar lögum samkvæmt. Nefndin samþykkti einróma að ráða Guðbjörgu Aðalbergisdóttur til að kenna íslensku og Gígju Gíslason til að kenna þýsku að því tilskildu að hún hafi kennsluréttindi. Skólameistari tilkynnti að hann hygðist ráða Borgþór Arngrímsson sviðsstjóra samfélags- og viðskiptasviðs til tveggja ára; umsóknarfrestur um stöður áfangastjóra og aðstoðarskólameistara rennur út 31. maí.

3. Heiðursmerki FS.

Kristbjörn sagði frá störfum nefndar sem hefur undirbúið heiðursmerki FS. Hann lagði fram drög að reglum og kynnti tillögur um hverjum skuli veita merkin við útskrift í vor. Nefndin samþykkti eftirfarandi reglur: "Sæmdarmerki FS skal veita þeim aðila sem unnið hefur skólanum verulegt gagn. Tignarmerki FS skal veita þeim aðila sem unnið hefur skólanum verulegt gagn þannig að skipt hafi sköpum varðandi framgang og þróun skólans. Úthlutun merkjanna skal vera í höndum nefndar sem í sitja skólameistari, einn fulltrúi skipaður af skólanefnd, annar skipaður af kennarafundi og einn fulltrúi skipaður af stjórn nemendafélagsins. Nefndin skal vera einhuga um úthlutun". Samþykkt að veita eftirtöldum aðilum heiðursmerki FS við útskrift 21. maí n.k.:

Tignarmerki:

Gunnar Sveinsson
Ingólfur Halldórsson
Jón Böðvarsson
Magnús Gíslason


Sæmdarmerki:


Daníel Guðbjartsson
Eggert Ólafsson
Gunnar Björn Björnsson
Halldór Guðmundsson
Ingimundur Þ. Guðnason
Ingvar Jóhannsson
Ólafur Jónsson

4. Önnur mál.

- a) Brautskráning verður laugardaginn 21. maí kl. 14:00 á sal skólans. Dagskrá verður með hefðbundnu sniði auk þess sem heiðursmerki FS verða veitt í fyrsta sinn. Hjálmar hvatti skólanefndarfólk til að vera viðstatt athöfnina.
- b) Tveir kennarar skólans, Magnús Karlsson, vélstjórnarkennari og Kristján Jóhannesson, málmiðnakennari hafa óskað eftir styrk vegna ferðar til Þýskalands um mánaðamótin maí-júní. Þeir fara með hópi kennara til að kynna sér verknám í þýskum skólum. Samþykkt að veita styrk til fararinnar samkvæmt reglum skólanefndar um námsferðir kennara. Nefndarmenn óskuðu eftir því að fá skýrslu um ferðina.
- c) Nefndarmenn þökkðu Gesti Páli Reynissyni, fulltrúa NFS, samstarfið í vetur en þetta var síðasti fundur hans í skólanefnd. Gestur þakkaði fyrir sig.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari